

Bókasafn Akraness – Ársskýrsla 2011



Lykiltölur 2011:

Útlánuð gögn 65.577 (66.047)*

Útlán á íbúa: 9,95 (10) safngögn

Skráðir lánþegar í árslok 2011: 1.792 (1.802). Þriggja ára tímabil: 3.146 lánþegar

Heimsóknir (skipulagðar) leikskólabarna: 12 (10) heimsóknir ; 160 (177)

Heimsóknir grunnskólanema: 9 (8) heimsóknir ; 110 (100 nemandi)

Heimsóknir barna á leikjanámskeiðum: 4 (7) heimsóknir, 100 (140)

Þjónustutími: 40 (40) klst á viku /þjónustudagar: 273 (252)

Netkaffitölva: 5-10 manns á viku (ekki talið 2010, ekki talið 2009)

Svöfusalur: 5 (13) nemandi sækja reglul fjarfundi, 29 nem tóku próf ; Prófatökur : 175 (72).

Starfsfólk: 6 (6) manns 5.05 (5.25) stöðugildi

Íbúafjöldi 1. des. 2011: 6.590 (6.600)

*(Til samanburðar eru tölur frá árinu áður í sviga).

Efnisyfirlit

Inngangur.....	s. 2
Útlán og stafræn þjónusta	s. 2
Safnkostur	s. 4
Lánþegar	s. 5
Þjónusta	s. 5
Viðburðir	s. 7
Bókagjöf.....	s. 8
Árslokátölfræði.....	s. 10



BÓKASAFN AKRANESS
AKRANES PUBLIC LIBRARY
Dalbraut 1 • 300 Akranes • sími 433 1200
bokasafn@akranes.is • bokasafn.akranes.is

Inngangur

Á árinu samþykkti Alþingi breytingu á lögum um almenningsbókasöfnum, Lög nr. 36 /1997 en frumvarp þar að lútandi var flutt af mennta- og menningarmálaráðherra. Breytingin varðar gjaldtökuheimildir og eyðir óvissu sem uppi var um lagagrundvöll þjónustugjalda, dagseka og bótagreiðslna frá notendum safnanna. Samtök forstöðumenn almenningsbókasafna hafa gert athugasemdir við lögin, þar sem bundið er í lög að hámarkssektir eigi að vera 4.000 kr., og er upphæðin án breytingaákvæðis.

Mjög mikils aðhalds var gætt í rekstri safnins, til að mæta þeim niðurskurði sem safnið þarf að taka á sig, á þessum samdráttartímum. Reynt var að verja grunnþjónustu safnsins, en óhjákvæmilega varð að draga úr tímaritakaupum og bókakaupum og kaupum á tónlistar-diskum. Ekki var kallað á afleysingu í afgreiðslu vegna veikinda nema í ýrtrustu neyð. Starfsfólk hliðraði til sínum vinnutíma, breytti vöktum.

Stjórn safnsins

Bókasafnið heyrir undir Akranesstofu. Verkefnastjóri Akranesstofu er Tómas Guðmundsson. Formaður stjórnar Akranesstofu er Sveinn Kristinsson. Sveinn tók við formennsku af Gunnhildi Björnsdóttur á miðju ári. Aðrir í stjórn Akranesstofu eru: Björn Guðmundsson, Dagný Jónsdóttir, Þorgeir Jósefsson og Hjördís Garðarsdóttir.

Starfsfólk

Við bókasafnið starfa 6 starfsmenn í 5,05 (5,25) stöðuhlutfalli. Fjórir starfsmenn í fullu starfi, einn starfsmaður í 95% starfi og einn starfsmaður í 10% starfi yfir vetrarmánuðina. Fastráðið starfsfólk er Ásta Björnsdóttir, Erla Dís Sigurjónsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Helgi Steindal og Nanna Þóra Áskelsdóttir. Eva Björg Ægisdóttir (vor) og Ólöf Eir Jónsdóttir (haust) voru ráðnar í laugardagsstarf (10%). Sumarafleysing var í höndum Evu Bjargar Ægisdóttur.

Bókasafnið fékk úthlutað atvinnuátaksverkefni og var Geirlaug Jóna Rafnsdóttir ráðin í fullt starf í 6 mánuði. Hennar verkefni var grófflokkun bókaagjafa. Freyr Karlsson kemur einu sinni í viku, 2 klst í senn, yfir vetrarmánuðina. Hann sinnir ýmsum tilfallandi störfum, úti sem inni. Hann kemur frá Fjöliðjunni, vinnu og hæfingarstað. Starfsmaður í ræstingu, Valborg Reisenhaus, hætti störfum á miðju ári og var ákveðið að færa ræstingu í verktöku. Fyrirtækið Hreint ehf. sér um ræstingu .

Starfsfólk fór í eina menningarferð á árinu, heimsótti kollega sína í Safnahús Borgarfjarðar. Þar var tekið vel á móti okkur og skoðuðum við m.a. sýninguna „Börn í 100 ár“, en mjög margar myndanna eru frá Ljósmyndasafni Akraness.

Endurmenntun

Starfsfólk sótti endurmenntun til Landkerfis bókasafna. Bókasafnskerfið var uppfært á árinu í 20. útgáfu og sótti starfsfólk námskeið í mismunandi þáttum þess.


Ný leitargátt var tekin í notkun, leitar.is Auk efnis úr Gagnis er hægt að leita í Bækur.is, Elib, Hirslu, Hvar.is, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Skemmuni og Tímarit.is.

Útlán og stafræn þjónusta

Útlánuð safngögn voru samtals 65.577 (66.047).

Þar af voru útlán á SHA 322 (845) og útlán á Höfða 649 (560). Bókin heim lánaði 445 (1.584) safngögn.

Dreifing útlána og endurlána eftir klukkustund árið 2011



Eins og sjá má á töflunni er aðalþungi útlána seinni part dagsins. Lánþegar endurnýja mikið sjálfir og gera það á hvaða tíma sólarhringsins sem er.

Stafræn þjónusta Bókasafns Akraness

Bókasafn Akraness tekur þátt í að greiða fyrir aðgang landsmanna að stafrænum gagna- og greinasöfnum um vefinn **hvar.is**. 1. jan. 2012 voru Íslendingar 319.575 og Akurnesingar 6.592 eða tæplega 2,06 % þjóðarinnar.

Á **hvar.is** sóttu landsmenn alls 1.096.540 (907.294) greinar eða gagnasöfn í fullri lengd (Morgunblaðið er ekki talið hér). Þar af var hlutfall íbúa Akraness 22.588 greinar. Í Morgunblaðsvefinn sóttu landsmenn alls 2.942.890 (2.004.420) greinar í fullri lengd. Þar af var hlutfall íbúa Akraness áætlað 60.646 greinar.

Millisafnalán

	Bókasöfn- MSL	Til safna	Frá söfnum
2011	26	557	71
2010	24	542	100

Millisafnalán er vaxandi þáttur í starfsemi safna. Bókasafnið getur oft lánað öðrum söfnum, t.d. Háskólanum á Bifröst. Greitt er fyrir þessa þjónustu eða þjónustusamningar. Bókasafnið fær lánað frá öðrum söfnum og var mest beðið um pólskar bækur í millisafnaláni.

Samstarf safna í héraði

Lánþegaskírteini í Bókasafni Akraness gildir einnig í Héraðsbókasafninu í Borgarnesi og gagnkvæmt. Lánþegi búsettur á Akranesi eða Borgarnesi sækir það bókasafn sem honum hentar betur. Reynslan af samstarfinu er góð, aðgangur að fjölbreyttari safnkosti og betri nýting gagna. Héraðsbókavöður í Borgarnesi kemur reglulega við í Bókasafni Akraness og auðveldar það mjög þjónustuna, lán og skil. Á móti veitir Bókasafn Akraness Héraðsbókasafninu í Borgarnesi skráningarþjónustu.

Útlán „Akraþorg“	Útlán	Lánþegar
Akranes (lánað Borgarnes)	810	35
Borgarnes (lánað Akranes)	492	23

Safnkostur

Heildarfjöldi titla í árslok 2011 voru 37.662 (35.008)

Heildareign eintaka í árslok 2011 var 75.152 (71.001)

Heildarfjöldi eintaka eftir efnistegund, í árslok 2011:

Bók BOOK	52.923
Gagnasett KIT	153
Geisladiskur CD	806
Geisladiskur/hljóðbók CDSPO	668
Hljómplata LPREC	36
Innb. tímarit ISSBD	1.786
Kort MAP	17
Myndband VIDEO	528
Mynddiskur DVD	740
Nótur MUSIC	75
Snælda AUDIO	159
Snælda/hljóðbók AUDSP	98
Spil CARD	5
Tímaritshefti ISSUE	17.105
Tölvugögn DIGIT	53
Samtals	75.152

Safnkostur eftir efnistegund



Eins og sjá má eru bækur stærsti safnkosturinn en tímaritaeign er mjög mikil.

Lánþegar

Lánþegastöður	Virkir lánþegar sl. 3 ár, eftir lánþegastöðu	Virkir lánþegar í árslok 2011 eftir lánþegastöðu
Almennur lánþegi	1.647	941
Börn undir 18 ára aldri	981	521
Frítt skírteini	438	285
Bókin heim /skip	11	5
Stofnanir /fyrirtæki	25	14
Msl – innlend söfn	44	26
	Samtals : 3.146	Samtals: 1.792

Virkir lánþegar eru þeir sem eiga gild skírteini þegar talning fer fram, en skírteini gilda ávalt í eitt ár. Réttara er því að horfa til þriggja ára til að sjá stærð notendahópsins.

Sjá einnig Töflu nr. 1 á bls 10 - Lánþegafjöldi eftir áratug og kyni

Ný þjónusta fyrir lánþega 3. febrúar 2011

Bókasafnið bætti þjónustu við lánþega sína á árinu . Safnið sendir skilaboð í tölvupósti, er skiladagur bóka nálgast. Skilaboð eru send út tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum eða á sömu dögum og rukkbréf eru send. Mikilvægt er að lánþegar skrái tölvupóstfang sitt í afgreiðslu bókasafnsins, því þessi nýja þjónusta er eingöngu rafræn. Mjög mikil ánægja er með þessa þjónustu.

Þjónusta

Bókasafnið sér um bókasafnsþjónustu við heimilisfólk á Dvalarheimilinu Höfða. Á Höfða notfærðu sér 8 (10) einstaklingar þjónustuna og fengu að láni 649 (560) safngögn yfir árið.

Bókin heim lánaði 445 (1.584) safngögn. Að jafnaði notfærðu sér 4 (10) einstaklingar þjónustuna á mánuði. Stór hluti útlána til þessa hóps eru hljóðbækur og hafði bókasafnið milligöngu um lán hljóðbóka frá Blindrabókasafninu um langt árabil. Á þessu varð breyting í byrjun ársins og framvegis sendir Blindrabókasafnið hljóðbækur beint til lánþega. Það er m.a. skýringin á fækkun notenda í Bókinni heim.

Sjúkrahúsið á Akranessi sagði upp bókasafnsþjónustu við sjúklinga, sem Bókasafn Akraness hafði séð um frá ársbyrjun 1999. Uppsögnin tók gildi 1. nóvember. Ástæðan er samdráttur í rekstri Sjúkrahússins. Og fækkun sjúklinga sem lagðir eru inn.

Á árinu notfærðu sér 17 (35) einstaklingar þjónustuna í mánuði. Lán til þessa hóps var 322 (845) bækur.

Bókasafnsþjónusta við sjúklinga er víst jafngömul og stofnunin sjálf, því Sveinbjörn Oddsson bókavörður á árunum 1925-1960, mun hafa sinnt þessari þjónustu fyrstur allra. Sjálfstætt starfandi bókasafn var lengi starfrækt á sjúkrahúsinu. Síðasti bókavörðurinn þar var Friðný Ármann, en safnið var lagt niður 21. apríl 1997. Gekk þá hluti af bókaeigninni til Bókasafns Akraness.

Bókasafnið þakkar starfsfólki sjúkrahússins fyrir gott samstarf í gegnum tíðina og óskar stofnuninni farsældar á komandi árum.

Skipalán. Ein skipsáhöfn (1) sækir sér reglulega bækur að láni. Bækurnar eru afgreiddar í kassa og er reynt að hafa fjölbreytt úrval, eitthvað fyrir alla. Ýmist velur einn í áhöfninni í kassann eða bókaverðir.

Námsverið Svöfusalur

Á árinu sátu 6 nemendur reglulega fjarfundi vegna náms við Háskólann á Akureyri. Nemendur í hjúkrunarfræði 2. ár og kennaranemi á 1. ári. Próftökur í Svöfusal voru 175 (72) sem 29 nemendur tóku. Allt háskólapróf frá 5 skólum. Um 20 manns hafa aðgangskort að Svöfusal til lestar og geta nýtt sér aðstöðuna óháð afgreiðslutíma safnsins. Á árinu var endurnýjaður fjarfundabúnaðurinn, en sá gamli var úr sér gegninn. Bókasafnið er í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Vesturland um þjónustu við námsfólk á háskólastigi.

Barnastarf

Samkvæmt venju var nemendum í 4. bekk grunnskólana, Brekkubæjarskóla og Grundaskóla boðið í heimsókn og fengu nemendur kynningu um starfsemi safnsins. Að þessu sinni komu 110 (100) nemendur í 9 (8) heimsóknum.

Börn á Leikjanámskeiðum komu í 4 heimsóknir yfir sumar og tók Þóra Grímsdóttir sögukona á móti þeim og sagði sögur. Þóra var í boði bókasafnsins. Fjöldi bara 100 (140).

Leikskólabörn koma einnig í skipulagðar heimsóknir á bókasafnið. Lengi býr að fyrstu gerð.

Safnfræðsla	2011	2010
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	110	100
Leikskólabörn í skipulögðum heimsóknum	160	177

Sumarlestur

Sumarlestur stóð yfir frá 1. júní til 29. júlí. Markhópurinn var börn á aldrinum 6 – 12 ára, úr Brekkubæjarskóla og Grundaskóla. Nokkur börn tóku þátt frá Heiðarskóla og svo gestkomandi börn í bænum. Til leiks skráðu sig 166 (145) börn, þar af voru 125 (120) virk, komu reglulega í bókasafnið, lásu bækur, fylltu út Lesblaðið sitt og settu “býflugur” í flugnanetið fyrir hverja lesna bók.

Börnin lásu 1528 bækur (1.639) og samtals 101.218 bls. (101.196). Þetta er mjög góður árangur hjá börnunum.

Af 125 virkum lesendum skiluðu 74 (74) Lesblaði. Hlutfall milli kynja var 90 (85) stelpur og 35 (38) strákar. 41 barn var því ekki virkt í áttakinu. En hefur hugsanlega lesið eitthvað. Tóku alla vega bækur í upphafi verkefnis. Óvirkar stelpur: 26 ; óvirkir strákar: 15

Sumarlestur – virkir þáttakendur – til samanburðar eru tölur frá 2010					
Fjöldi barna	Stúlkur	Drengir	Lesnar bækur	Fjöldi blaðsíðna	Lesnar bls. pr. barn
125 (120)	90 (85)	35 (38)	1.528 (1.639)	101.218 (101.196)	809,7 (843,3)

Það var mikið um að vera á Bókasafni Akraness þann 11. ágúst 2011, en þá fór fram uppskeruhátíð Sumarlestursins, *Húllum hæ hátíðin*. Farið var í ratleik með skemmtilegum þrautum og föndri. Í lok ratleiksins voru allir eins og “býflugur” eins og sjá má á myndum.

Dregin voru út þátttökuverðlaun, sem komu frá styrktaraðilnum Sumarlestursins, Versluninni Nínu og Gallerí Ozone.

En aðalðvingurinn er að auka lestrarfærni sína og það hafa öll börnin gert. Lestrarfærni er mismunandi hjá svona breiðum aldurshóp. Þau yngstu eru að ná tókum á lestrinum en þau eldri lesa þykkar bækur, oft með flóknum og spennandi söguþræði.



Bókaverðlaun barnanna voru afhent 15. maí. Kosið var um bestu barnabók ársins 2010, aðra frumsamda og hina þýdda. Börn og unglingar landsins völdu *Núll, núll 9* eftir Þorgrím Þráinsson og *Stórskemmtilega stelpubókin* eftir Andrea J. Buchanan í þýðingu Höllu Sverrisdóttur. Borgarbókasafn sá um að verðlauna höfund og þýðanda.

Bókasafn Akraness veitti að venju þátttökuverðlaun, en grunnskólanemar á Akranesi og nágrenni tóku að venju þátt í valinu. Þátttakendur á Akranesi voru 261 á aldrinum 6 – 12 ára.

Fulltrúar frá bókasafninu heimsóttu grunnskólana í lok maí og færðu heppnum þátttakendum bókaverðlaun. Í Brekkubæjarskóla voru það Arna Ósk Jónsdóttir (3. SH/KS) og Sóley Brynjarsdóttir (4. IRG). Í Grundaskóla Brynhildur Traustdóttir (4. G.B) og Karen Þórisdóttir (5. V.V.)

Börn og ungt fólk eru einn stærsti lánþegahópur safnsins eins og sjá má á Töflu nr. 2 og 3. bls 10.

Viðburðir

Bókasafnsdagurinn var haldinn í fyrsta sinn hátíðlegur 14. apríl á bókasöfnum um allt land. Markmið bókasafnsdagsins er að vekja athygli á öllu því góða starfi sem unnið er á bókasöfnunum og mikilvægi bókasafna fyrir samfélagi.



Vökudagar

Á Vökudögum var kvöldstund með Óskari Guðmundssyni rithöfund, sem fjallaði um áhugaverða tíma í sögu Skagamanna. Dagskrá byggð á bók Óskars, *Brautryðjandinn : ævisaga Þórhalls Bjarnarsonar 1855-1916*. Samstarfsverkefni Bókasafnsins og Snorrastofu í Reykholti.

Þá var kynning á Fablab smiðjunni á Vökudögum.

Norræn bókasafnavika

Norræn bókasafnavika var haldin hátíðleg í 15. skipti. Þema vikunnar var **Norrænn húmor**.

Í upphafi vikunnar, mánudaginn 14. nóvember, var upplestur og tónlistaratriði frá Tónlistarskólanum. **Anna Lára Steindal** framkvæmdastjóri Akranesdeildar



Rauða kross Íslands las texta ársins úr bókinni Rokkað í Vittlua eftir Mikael Niemi. Ýmis tilboð voru í gangi alla vikuna. "Brandarar" úr **Brandarapottinum**, og **Óvissubækur** fyrir þá sem vilja taka áhættu í bókavali. Dagskráin var sem fyrr samstarfsverkefni Bókasafns Akraness og Norræna félagsins á Akranesi. Um 50 manns sóttu opnunaráhátíð.

Upplestur – Ásthildur B. Snorradóttir las úr bók sinni *Rafael, engillinn sem valdi að koma til jarðar* í desember. Dagskráin tengdist sýningu Bjarna Þórs, myndskreytingar í bókum.

Bókasafnið tók þátt í bréfamaraþoni Amnesty International, á alþjóðlegum degi mannréttinda (desember), með því að hýsa viðburðinn.

Sýningar

Janúar - febrúar: Safnarasýning. Sýning af **Glasamottum** í eigu Guðjóns Guðmundssonar, vélvirkja í Járblendinu á Grundartanga.

Febrúar – mars: **Aðalskipulag Akraness 2005 – 2017** til sýnis ásamt greinargerð.

September- október: Fuglarnir okkar. **Helga Guðmundsdóttir og Ingi Steinar Gunnlaugsson**, ljósmyndasýning.

Október - nóvember: Á Vökudögum sýndi Edda Elíasdóttir nokkur olúmálverk í bókasafninu. Sýninguna kallaði hún **MYNDBROT**.

Desember: Á **Vegnum** var sýning á myndskreytingum Bjarna Þórs Bjarnasonar, úr barnabókinni *Rafael, engillinn sem valdi að koma til jarðar*.

Héraðsskjalasafn / Ljósmyndasafn stóð fyrir mörgum sýningum á árinu, í sameiginlegu sýningarrými safnanna, sjá ársskýrslu Héraðsskjalasafns.

Bókagjöf

Á árinu barst safninu vegleg bókagjöf til varðveislu, er sr. Björn Jónsson, fyrrverandi prófastur á Akranesi gaf Akurnesingum glæsilegt einkabókasafn sitt. Formleg afhending þess fór fram við athöfn á heimili þeirra sr. Björns og eiginkonu hans, Sjafnar Pálfríðar Jónsdóttur, miðvikudaginn 16. mars. Það var Árni Múli Jónasson, bæjarstjóri sem veitti gjöfinni viðtöku en viðstaddir voru einnig Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar og Guðmundur Páll Jónsson, formaður bæjarráðs auk Halldóru Jónsdóttur, bæjarbókavarðar og Gerðar Jóhannu Jóhannsdóttur héraðsskjalavarðar.

Gjöfin verður varðveitt í Bókasafni Akraness en þar sem safnið er afar stórt og telur mikinn fjölda bóka sem margar eru afar verðmætar og um leið fágætar mun taka nokkurn tíma að fara í gegnum safnið, flokka það og koma í það horf að hægt sé að stilla því fram til sýnis og skoðunar.

Sr. Björn gerði gestum grein fyrir sínum mikla bókaáhuga og bókasöfnun og dró fram nokkrar þeirra fágætu bóka og tímarita sem safn hans hefur að geyma. Má þar nefna m.a. umtalsvert safn bóka sem gefnar voru út af Íslendingum í Vesturheimi, en einnig eru í safni hans bækur er tilheyra Beitistaðarenti, Leirárgarðarenti og bækur sem prentaðar voru í Skálholti og Hólum og Hrapsey fyrir á öldum.

Þessa höfðinglegu gjöf tileinkar sr. Björn tengdaföður sínum, Sr. Jóni M. Guðjónssyni en hún er einnig tileinkuð syni þeirra hjóna, sr. Björns og Sjafnar, Páli, sem lést 25. apríl árið 1961, en Páll hefði orðið fimmtugur í ár hefði hann lifað.

Bæjarstjóri þakkaði sr. Birni fyrir gjöfina og þann mikla höfðingsskap sem hann hafi sýnt með því að færa Akraneskaupstað slíka gjöf. Gjöfin endurspeglar vel þann hug sem hann beri til bæjarins og bæjarbúa, sem koma til með að njóta gjafarinnar um ókomin ár. Björn Jónsson lést í þann 20. desember 2011, 84 ára að aldri.

Bókasafnið hefur notið velvildar Smáragarðs með aðstöðu í húsnæði á Dalbraut 1, til að fara yfir safnið og flokka.

Öllum þeim fjölmörgu sem færðu safninu gjafir á árinu, er hér með færðar þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Fjárhagsáætlun 2011 - Niðurstöður ársreikninga

Bókasafn og Héraðsskjalasafn/ljósmyndasafn eru rekin sem ein rekstareining.

Tekjur:

Rekstrartekjur: 4.417.240

Gjöld:

Laun og launatengd gjöld: 35.033.167

Innri leiga: 38.247.369

Bækur, tímrit, dvd: 4.461.884

Annar kostnaður: 5.630.580

Rekstarniðurstaða: 78.955.760

Akranesi í mars 2012

Halldóra Jónsdóttir, bæjarbókavörður

Á næstu síðum eru Töflur úr Árslokátölfræði frá Landskerfi bókasafna, sem sýna starfsemi Bókasafns Akraness árið 2011.


Nokkrar töflur úr Árslokátölfræði Landskerfis bókasafna.

Tafla 1: Lánþegafjöldi eftir áratug í árslok 2011


Lánþegafjöldi eftir áratug	Áratugur	kk	kvk
	1910-1919		0
	1920-1929	10	22
	1930-1939	32	74
	1940-1949	41	110
	1950-1959	46	147
	1960-1969	57	162
	1970-1979	45	213
	1980-1989	45	148
	1990-1999	95	184
	2000-2009	134	182
	2010-2019	0	1
		507	1243

AKRAV samtals 1.750


Tafla nr. 2 : Lánþegafjöldi eftir fæðingarátug í árslok 2011



Tafla nr. 3: Virkir lánþegar s.l. 3 ár til ársloka 2011, eftir fæðingarátug lánþegans.



Tafla nr. 4. Samanburður á útlánum 2008 - 2011



Fækkun útlána milli ára 2010 og 2011 er óveruleg eða 0,9% en aukning útlána frá árinu 2008 til ársloka 2011 er 18,7 %

Tafla nr. 5

Útlán/ endurlán eftir efnisteg. eintaks 2011 – 2010*

Snælda	176	246*
Snælda/hljóðbók	108	124
Bók	54.583	53.017
Geisladiskur	300	417
Geisladiskur/hljóðbók	1.285	2.434
Tölvugögn	117	105
Mynddiskur	2104	2413
Innb. tímarit	46	28
Tímaritshefti	5.897	6.090
Gagnasett	520	434
Nótur	8	12
Myndband	433	727
Samtals:	65.577	66.047

Tafla nr. 6 Útlánaaðgerðir eftir aðgerðarkóða

Bókasafn Akraness (AKRAV)

50 Útlán 56.589

52 Ótengt útlán 751

61 Skil 57.523

62 Endurnýjað lán (WWW) 3.444

63 Endurnýjað lán (PC) 4.793

71-74 Frátekstarbeiðni (1-4) 1.387

Á þessari töflu má sjá að lánþegar endurnýja útlán sín sjálfir heima í sinni tölvu, að verulegu leyti og er það vel.